

## FUNDARGERÐ

Hluthafafundur Stefnis hf. var haldinn 19. desember 2022 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 10:30.

### Setning fundar og kjör fundarstjóra

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti hluthafafund og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Íris Björk Hreinsdóttir yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

### Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Íris Björk Hreinsdóttir tók við stjórn fundarins og lagði til að Fannar Freyr Ívarsson, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og tiltók að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við lög um hlutafélög og samþykktir félagsins. Á fundinn var mætt af hálfu beggja hluthafa félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

### Dagskrá fundarins

#### 1. Kjör á stjórnarmanni

Jón Óttar Birgisson sagði sig nýverið úr stjórn Stefnis. Ástæða afsagnar var sú að í kjölfar breytinga hjá félaginu var hann fenginn til að vinna að sérverkefnum fyrir félagið þar sem þekking hans og reynsla er talin nýtast vel. Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, kt. 230969-5239 hefur boðið sig fram til setu í stjórn Stefnis hf. Engin önnur framboð bárust og var nýr stjórnarmaður því sjálfkjörinn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

#### 2. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri hluthafafundi þessum slitið kl. 11:00.

Reykjavík, 19. desember 2022

  
Íris Björk Hreinsdóttir  
fundarstjóri

  
Fannar Freyr Ívarsson  
fundarritari